



## Hreppsnefnd 08.04.03

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 8. apríl 2003.

Fundur hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps haldinn í Miklagarði þriðjudaginn 8. apríl 2003 kl. 1600 .

Mættir: Emil Sigurjónsson, oddviti, Ólafur Valgeirsson, Steindór Sveinsson, Aðalbjörn Björnsson, Sigurveig Róbertsdóttir, Björn H. Sigurbjörnsson og Ólafur Ármannsson. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson. Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar.

Síðan var gengið til fyrirhugaðrar dagskrár.

Dagskrá:

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 25. mars sl.

Fundargerðin rædd og lögð fram svofelld bókun meirihluta hreppsnefndar vegna bókana minnihluta hreppsnefndar í 5. tl.fundargerðarinnar "Tenging Vopnafjarðar við þjóðveg eitt." og óskað eftir að hún verði færð í fundargerðina undir þessum lið:

"Meirihluti hreppsnefndar telur að í þessu máli hafi verið unnið á mjög eðlilegan hátt og telur að hluti af bókun minnihlutans eigi ekki við nein rök að styðjast. Meirihluta hreppsnefndar ber engin skylda til að upplýsa minnihlutann um sína stefnu nema á formlegum hreppsnefndarfundum en gerði það engu að síður með opnu bréfi til allra íbúa Vopnafjarðarhrepps sem telja má mjög lýðræðislegt.

Borgarafundur um vegamál sem haldinn var í desember var ekki boðaður sem stefnumótandi fundur heldur kynningarfundur um vegamál. Það væri því alls ekki í anda lýðræðis að styðjast við ályktun af honum þar sem ekki yrði tekið tillit til sjónarmiða þeirra Vopnfirðinga sem ekki mættu og ætluðu hann ekki sem stefnumótandi fund.

Varðandi samráð við Skeggjastaðahrepp hefur ekki skapast nein hefð en vert er að skoða hvort ekki væri eðlilegt að stefna að slíku samstarfi í ríkari mæli en verið hefur.

Að lokum vill meirihlutinn benda á að Vegagerðin hlýtur að vera sá faglegi aðili sem að málinu kemur og hennar niðurstaða hlýtur að hafa áhrif á Hreppsnefnd sem vill vinna á faglegan og ábyrgan hátt. Þá er það alls ekki rétt að þær leiðir sem til greina koma séu lítið rannsakaðar, þar sem mjög ítarleg skoðun hefur farið fram á mögulegum leiðum um Hofsdal, sem því miður hefur leitt í ljós að vegagerð sé mjög erfið og dýr um dalinn eins og kemur fram í bréfi Vegagerðarinnar frá 12. mars. sl. "

Fundargerðin síðan samþykkt með 7 atkv.

2. mál. Fundargerðir skólanefndar 25. mars og 1. apríl sl.

Nokkrar umræður urðu um fundargerðirnar og svöruðu skólastjóri og sveitarstjóri fram komnum fyrirspurnum.

Fundargerðirnar samþykktar með sjö atkvæðum

3. mál. Fundargerð hafnarnefndar 7. apríl sl. Lögð fram útboðsgögn vegna brimvarnargarðs, en búið er að auglýsa verkið. Tilboð verða opnuð verða opnuð 29. apríl n.k. Sveitarstjóri upplýsti að verklok samkvæmt útboðsgögnum eru 31. janúar 2004.

Fundargerð samþykkt með 7 atkv.

4. mál. Sementshús, uppkaup húss og lóðar, tillaga.

Kynntar hugmyndir um uppkaup á svokölluðu Sementshúsi sem stendur við Hafnarbyggð til niðurrifs. Lagður fram uppdráttur yfir hús og lóð.

Lögð fram svofelld tillaga:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að heimila sveitarstjóra að ganga frá samningi um uppkaup á svokölluðu Sementshúsi við Hafnarbyggð ásamt tilheyrandi lóðarréttindum skv. fyrirbyggjandi lóðauppdrætti. Kaupverð verður 550.000 kr.”

Nokkrar umræður urðu um tillöguna .

Tillagan borin upp og samþykkt með 7 atkv.

5. mál. Þorbrandsstaðir, kauptilboð.

Lögð fram kauptilboð í Þorbrandsstaði I og II dags. 17. mars sl., frá Gísla Stefáni Ásgeirssyni og Jóhannesi Kristinssyni samtals að fjárhæð 37,2 m.kr. Undanskilið í tilboðinu er svæði það sem nýta á undir frístundabyggð, alls 211,1 ha. Ásamt öllum mannvirkjum á jörðinni.

Tjáðu fundarmenn sig um sölu jarðanna og kom fram eftirfarandi tillaga:

“Hreppsnefnd samþykkir að hafna fyrirbyggjandi kauptilboðum þar sem ekki stendur til að selja jarðirnar”.

Oddviti bar tillöguna upp og var hún samþykkt með sex atkvæðum, einn sat hjá.

6. mál. Barnaverndarmál, úrlausnir

Lögð fram drög að hugsanlegu samningsformi milli sveitarfélaga um að skipa sameiginlega í barnaverndarnefnd. Eftirfarandi tillaga kom fram:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að vinna endanleg drög að slíku samkomulagi milli Skeggjastaðahrepps, Vopnafjarðarhrepps og Seyðisfjarðar um skipan sameiginlegrar barnaverndarnefndar og felur sveitarstjóra að ganga frá slíkum samningsdrögum sem síðan verða lögð fyrir hreppsnefnd til endanlegrar samþykktar.”

Oddviti bar tillöguna upp og var hún samþykkt með 7 atkv.

7. mál. Samkór Vopnafjarðar styrkbeiðni. Kórin óskar eftir styrk að fjárhæð kr. 250.000.

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi styrkbeiðni, enda gert ráð fyrir þessum styrk í fjárhagsáætlun.

8. mál. Stjórnskipulag og stjórnýsla.

Rætt um stjórnskipulag og stjórnýslu sveitarfélagsins. Nokkrar umræður urðu um málið. Oddviti taldi að fara þurfi í ákveðna athugun á stjórnýslu og stjórnskipulag í hinum mismunandi satarfseiningum sveitarfélagsins. Nokkur umræða var um þetta málefni og leist fundarmönnum vel á að farið yrði í þetta verkefni.

Svofelld tillaga lögð fram:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að fela sveitarstjóra og oddvita að ráða fagaðila til að skoða stjórnskipulag og stjórnýslu sveitarfélagsins og gera tillögur um úrbætur í þeim efnum.”

Tillagan síðan borin upp til atkvæða.

Tillagan samþykkt með 7 atkv.

9. mál. Ýmsar fundargerðir og erindi:

a) Norðursvæðisviðræður, fundargerð umhverfis -og tæknihóps frá 3. apríl sl. Sveitarstjóri skýrði hvað liði fyrirhugaðri vinnu í hugsanlegri sameiningu slökkviliðana á svæðinu, en ráðgert er að ráða fagaðila til þess að stilla upp endanlegum hugmyndum um það hvernig slík samvinna er hugsuð.

b) Iðnaðarráðuneytið, styrkur til að vinna að skýrslu um áhrif jarðganga undir Hellisheiði. Fengist hefur 500 þús. kr. styrkur til verksins.

c) Menningarráð Austurlands úthlutanir 2003. Lagður fram listi yfir úthlutanir

Styrkir til Vopnafjarðar eru:

Félagsheimili Vopnafjarðar kr. 1.000.000

Vesturfarinn “ 200.000

Safn Jóns og Jónasar Árnasonar “ 200.000

Styrkur til leikritunargerðar á verkum Jóns og Jónasar Árnasonar “ 100.000

Menning um landið “ 100.000

Sóknarnefnd Vopnafjarðarkirkju “ 100.000  
Fleira ekki gert og fundi slitið